

87.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands og jafnframt fyrsti fundur nýrrar stjórnar var haldinn á skrifstofu sambandsins 28.febrúar 2018 og hófst kl. 17.00

Mætt voru: Erla Kristín, Þórunn, Gry, Alex (gegnum tölvu), Aron og Guðbrandur. Hulda Elsa boðaði forföll og stýrði Erla fundi í fjarveru hennar.

Erla óskaði nýjum stjórnarmönnum velkomna til starfa.

Þetta gerðist:

1. Stjórnin skipti með sér verkum þannig að Erla Kristín verður varaformaður, Alex gjaldkeri, Gry ritari og Aron, Þórunn og Guðbrandur meðstjórnendur.
2. Heimasíða sambandsins
Aron tók að sér vefstjórn. **Gry** sendir á hann aðgangsorð að kraft.is
Ákveðið að fela **Aroni** að setja reglulega, t.d. mánaðarlega inn fréttir og upplýsingar frá stjórn um það sem helst er á döfinni og til umræðu innan stjórnar.
3. Skipan í nefndir.
Ákveðið að fara yfir nefndarmál og setja skýrari reglur um verksvið og starfshætti þeirra. **Gry** falið að gera tillögu að slíku.
Lagðar fram tillögur að nefndarskipan. Þegar reglugerðin um verkefni nefnda liggur fyrir verður haft samband við menn um nefndarsetu.
Erla og **Þórunn** tala við einstaklinga sem kæmi til greina í aganefnd.
Ákveðið var að leggja verkefni fræðslunefndar á íþróttastjóra í ár.
Ákveðið var að halda skipan Ásu Ólafsdóttur og Sigurjóns Péturssonar í laganefnd en áriðandi er að ljúka endurskoðun laga KRAFT.
Ákveðið að skipa afreksnefnd og taka sæti í henni **Erla Kristín** formaður, **Guðbrandur** og **Alex**.
4. Landsliðsbúningar.
Stjórn þarf að ákveða hvernig sambandið ætlar að haga úthlutun og kostun landsliðsbúninga.
Gry falið að búa til lista yfir magn svo auðveldara verður að gera sér grein fyrir málið.
5. Ráðning íþróttastjóra.
Staða íþróttastjóra Kraftlyftingasambands Íslands var auglýst laus til umsóknar 18.febrúar sl og rennur umsóknarfrestur út 4.mars.
Ákveðið að fela **Huldu** og **Gry** að gera shortlist yfir umsækjendur þegar frestur er útrunninn og kalla þá til viðtals við sig og Guðbrand.
6. Umsókn til afrekssjóðs.
Afreksnefnd falið að ganga frá umsókninni sem fyrst.
Gry sendir drögin sem fyrir liggja á nefndarmenn.

7. Reglugerðir.

Erlu og **Þórunni** falið að halda áfram með #metoo málið og gera drög að ferli og leiðbeiningum fyrir sambandið.

Gry falið að fara yfir reglugerð um mótahald og gera tillögu að nauðsynlegum breytingum og senda á stjórnarmenn.

8. Önnur mál.

Ákveðið að fastur fundartími stjórnar verði annar þriðjudagur í mánuði kl. 17.00

Ráðningartími Gry sem íþróttastjóra rennur út 1.mars.

Ákveðið var að ráða hana í hlutastarf sem framkvæmdastjóra. **Huldu** falið að útbúa samning þar um.

Ekkert fleira gert

Fundi slitið kl. 18.15

Fundarritari: Gry Ek